

Sjálfsmatsskýrsla fyrir Mýrarhúsaskóla

Skólaárið 2001 – 2002

Regína Höskuldsdóttir
skólastjóri

Efnisyfirlit

SAMANTEKT OG MAT Á ÁRANGRI	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR VIÐ SJÁLFSMAT	5
SKÓLANÁMSKRÁ MÝRARHÚSASKÓLA.....	5
EINKENNI MÝRARHÚSASKÓLA OG STAÐA Í SAMFÉLAGINU	6
ALMENN STEFNA OG MARKMIÐ	6
STEFNA MÝRARHÚSASKÓLA.....	7
MARKMIÐ MÝRARHÚSASKÓLA.....	7
FRAMKVÆMD SKÓLASTEFNUNNAR.....	7
<i>Eineltisráð</i>	7
<i>Áfallaráð</i>	7
<i>Veikindi, slys og slysavarnir</i>	8
<i>Nýbúar</i>	8
<i>Nemendaverndarráð</i>	8
<i>Stoðkerfi skólans</i>	8
<i>Bráðger börn</i>	9
NIÐURSTÖÐUR FORKÖNNUNAR.....	9
NÁM OG KENNSLA	9
KENNSLUTÍMI.....	9
SAMSTARF - SAMFELLA	10
ÁHERSLUR Á SKÓLAÁRINU.....	10
UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT	10
<i>Kennsluáðferðir</i>	10
NÁMSMAT	11
NEMENDUR	11
STARFSFÓLK OG STARFS MANNASTJÓRNUN	11
AÐBÚNAÐUR	12
<i>Niðurstöður forkönnunar</i>	12
STJÓRNUN	12
YTRI TENGL	12
SÉRSTÖK ÁHERSLUSVIÐ SKÓLANS.....	13

Samantekt og mat á árangri

Stjórnendur skólans telja að þegar á allt er litið sé hægt að una ágætlega við ástandið í skólanum. Þó eru nokkur brýn mál sem þarfnast úrbóta og leggur stjórn skólans mikla áherslu á að úr þeim málum verði unnið eins hratt og innri og ytri aðstæður leyfa skólanum.

Eftirfarandi listi er samantekt á þeim atriðum sem stjórnendur skólans leggja mesta áherslu á að bæta, lagfæra eða endurskilgreina:

1. Að flýta framkvæmd áætlunar um móttöku nýbúa og tvítyngdra nemenda.
2. Að efla þjónustu við bráðger börn.
3. Að auka vitund kennara með einstaka þætti skólanámskrár skólans.
4. Að auka sérstöðu Mýrarhúsaskóla í skólanámskrá skólans.
5. Að setja lýsingar á kennsluáðferðum inn í skólanámskrá skólans.
6. Auka þekkingu kennara á hugmyndafræði og vinnubrögðum í stærðfræði skv. nýrri aðalnámskrá.
7. Að bæta skráningakerfi stoðkerfisins þar sem haldið er utan um fundi og aðrar aðgerðir sem við koma einstökum nemendum.
8. Bæta þarf tölvuþekkingu kennara, sérstaklega í margmiðlun, upplýsingaleit og siðfræði tölvunotkunar. Einnig þarf að bæta skjalaþekkingu kennara; vistun og skráarmeðhöndlun. Flýta þarf námskeiðum í þessum efnum.
9. Að gera nemendur ábyrgari fyrir eigin námi þannig að þeir líti frekar á sig sem þátttakendur fremur en móttakendur.
10. Athuga hvort þörf sé á því að skýra og auka innra eftirlit með kennslu í skólanum (vísbendingar hafa komið fram um slíkt).
11. Að skólinn vinni að því með hlutaðeigandi aðilum að til sé heildstæð áætlun um húsnaðisþörf til framtíðar.
12. Að skólinn vinni að því með hlutaðeigandi aðilum að efla aðstöðu í skólanum, sérstaklega er varðar heilsdagsskóla, mótuneyti og heimilisfræðistofu.
13. Að skólinn vinni að því með hlutaðeigandi aðilum að kanna hvort fjárveitingar til skólalahaldsins séu í eðlilegu samræmi við umfang starfseminnar.
14. Kanna nánar og fá t.d. námsráðgjafa til að fjalla um námstækni á fræðslufundi kennara.

Inngangur

Undirbúningur að formlegu sjálfsmati hófst fljótlega eftir að lög um grunnskóla nr. 66/1995 tóku gildi. Í lögnum er gert ráð fyrir að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið og að menntamálaráðuneytið skuli á fimm ára fresti gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla (49. gr.). Upphaflega fólst undirbúningurinn fyrst og fremst í ítarlegri umræðu meðal kennara um hugtökin “mat á skólastarfi” og “sjálfsmat”. Frá og með vori 1997 hefur formlegur starfshópur um sjálfsmat starfað við Mýrarhúsaskóla og gekkst hópurinn fyrir námsferð kennara til Newcastle vorið 1997 þar sem yfirskriftin var: Mat á skólastarfi. Meðlimir matshópsins sóttu í framhaldi af ferðinni námskeið sem haldið var á vegum Félags um gæðastjórnun í skólum dagana 5. – 8. ágúst 1997. Stjórnendur námskeiðsins voru Keith Humphreys og Höskuldur Frímannsson. Á námskeiðinu var m.a. kynntur nýútkominn bæklingur Menntamálaráðuneytisins “Sjálfsmat skóla” og var hann síðan kynntur og hann afhentur öllum kennurum á kennarafundi í september það sama ár. Lögð hefur verið töluverð áhersla á gagnaöflun og hafa tvö fyrirtæki: Skref fyrir skref (1999) (fskj. 27) og Rekstur og ráðgjöf (2000) gert viðamiklar úttektir á skólastarfinu. Í báðum þessum úttektum var upplýsinga aflað hjá foreldrum og skólaneftarmönnum, auk starfsfólki skólans. Rekstur og ráðgjöf vann síðan drög að verk- og ábyrgðarsvið – starfslýsingar, skipuriti og boðleiðir (fskj. 28). Sjálfsmatshópurinn hefur sótt námskeið um sjálfsmat sem byggir á hugmyndum Total Quality Management og ólíkar aðferðir við framkvæmd matsins. Vorið 1999 var sett fram verkefna- og aðgerðaskrá fyrir skólaárið 1999 – 2000 (fskj. 1). Í framhaldi af því vann Einars Áskelssonar hjá Rekstur og ráðgjöf Norðurlandi ehf. skýrslu fyrir skólaneftnda Seltjarnarness: “Innleiðsla gæðastarfs í Mýrarhúsaskóla” (fskj. 2). Sjálfsmatshópurinn vann síðan undir handleiðslu Einars að því að útfæra umbótamiðað verkferli. Svokölluð SVÓT (*styrkur, veikleikar, ógnun og tækifæri*) greining var unnin og leiddi niðurstaða hennar til þess að hópurinn vann eitt tilraunaverkefni um heimanám 5. og 6. bekkinga) samkvæmt “gæðahringnum”. (fskj. 3 “Verkátun – Innra mat og gæðastjórnun í Mýrarhúsaskóla”). Verkefnið er að finna á innraneti skólans undir “myroken“.

Á liðnu skólaári einbeitti hópurinn sér að umfjöllun um val á matslíkani. Verkfærið sem varð fyrir valinu er Grunn-Skólarýni sem keyptur hefur verið til skólans. Á vormisseri 2001 vann matshópurinn að því að undirbúa drög að sjálfsmatsáætlun til þriggja ára. Vinnuþlagg um bakgrunn áætlunarinnar var kynnt fyrir kennurum í september 2001 (fskj. 4, “Sjálfsmat í Mýrarhúsaskóla”). Sömuleiðis fylgir hér með sýnishorn af ABC- lykilsurningum úr Grunn-skólarýni. (fskj. 5).

Auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra hafa stigstjórar, fagstjóri í sérkennslu og kennsluráðgjafi í upplýsinga- og tæknimennt setið í þessum hópi. Um tíma var grunnskólafulltrúi einnig í hópnum sem fulltrúi skólaneftndar. Nú liggur fyrir áætlun um sjálfsmat skólans til næstu fimm ára sem kynnt var og samþykkt á kennarafundi í byrjun desember 2001 og er þegar er farið að vinna samkvæmt henni (fskj. 6, “Áætlun um sjálfsmat”).

Við lítum svo á að sjálfsmat sé órjúfanlegur hluti af skólastarfi og skólaþróun og hafi alla tíð verið stundað í skólanum að einhverju leyti. Það hefur hins vegar skort á að matið hafi verið nægilega formlegt og ekki verið gerð grein fyrir því sem skyldi opinberlega. Þessi fyrsta skýrsla um sjálfsmat er því viðleitni skólastjórnenda til að bæta úr því.

Aðferðir við sjálfsmat

Skólanámskrá Mýrarhúsaskóla

Grundvöllur að sjálfsmati skólans er að sjálfsögðu skólanámskráin okkar (fskj. 23) sem gefin er út árlega. Skólanámskráin er í lausblaðaformi og því auðvelt að endurskoða einstaka þætti hennar. Allir kennarar fá afhent uppfært eintak fyrir sinn bekk/námsgrein að hausti. Heildareintak er lagt fyrir skólanefnd og foreldraráð að hausti til umsagnar. Hluti af skólanámskrá er handbók kennara þar sem fjallað er um helstu atriði og atburði hefðbundins skólaárs. Sömuleiðis stefnumótandi plögg varðandi áherslur skólans í eineltismálum, vímuevörnum og viðbrögð við áföllum. Áherslur í umbótastarfi eru ákveðnar í upphafi skólaárs og skipa kennarar sér í starfshópa sem vinna að endurskoðun tiltekinna þátta skólanámskrár yfir skólaárið.

Foreldrar fá afhenta bekkjarnámskrá að hausti sem er nánari útfærsla á skólanámskrá fyrir einstaka árganga (fskj. 26).

Eins og áður sagði hefur Mýrarhúsaskóli eignast Grunn-skólarýnirinn sem er heildstætt matslíkan. Fyrirhugað er að nota matslíkanið við sjálfsmat skólans til framtíðar.

Skólarýnirinn er þróaður hjá RHA af Benedikt Sigurðarsyni og byggir á hugmyndum TQM. Matshópurinn ásamt fleiri kennurum skólans hafa fengið kynningu á líkaninu hjá Benedikt og er fyrirhugaður samstarfssamningur við hann um áframhaldandi stuðning við að koma kerfinu í gang.

Umsjónarmaður sérkennslu hefur ásamt hluta matshóps yfirfarið ýmis greinandi próf og skimunarpróf sem lögð eru fyrir nemendur reglulega (fskj. 7). Eru niðurstöður þeirra notaðar við gerð einstaklingsnámskráa og til að meta þörf á sérkennslu.

Starfsmannaviðtöl: Skólastjórnendur taka starfsmannaviðtöl bæði vor og haust þar sem farið er yfir helstu þætti starfsins. Í viðtölunum koma fram margháttaðar upplýsingar sem nýtast sem matsgögn. Sömuleiðis fylla allir kennarar á vorin út skriflega könnun á áhugasviði og óskum fyrir komandi skólaár sem nýttar eru m.a. til mats á símenntunarstefnu skólans (fskj. 8).

Niðurstöður samræmdra prófa eru vandlega yfirfarnar af hlutaðeigandi kennurum og ræddar á stigsfundum. Fagstjóri í sérkennslu fer ásamt sérkennsluteymi yfir niðurstöður með sérstakri áherslu á frávík á frammistöðu nemenda og stöðu sérkennslunemenda.

Í byrjun desember tóku 35 kennarar þátt í könnun á netinu sem Menntasmiðja K.Í. stóð fyrir til þess að kennarar gætu metið eigin tölvufærni og samanburður fengist á milli skóla á þessum málum (fskj. 11).

Forkönnun: Sjálfsmatshópur Mýrarhúsaskóla ákvað í desember 2001 að leggja fyrir kennara spurningalista sem tæki til allra þeirra 10 þátta sem um getur í bæklingi menntamálaráðuneytisins “Sjálfsmats skóla” (fskj. 9).

Niðurstöður þessarar forkönnunar (fskj. 10) hafa verið hafðar til hliðsjónar þegar gerð var áætlun um sjálfsmat. Niðurstöðu má túlka á þann veg að meirihluti kennara Mýrarhúsaskóla telji að vel sé staðið að langflestum hinna fjölmörgu þátta sem saman mynda “skólastarfið”. Athuga verður vel hvaða spurningar/fullyrðingar það eru sem kennarar eiga erfitt með að taka afstöðu til því ástæðan gæti verið sú að nægilegar upplýsingar eða fræðslu skorti um þessa þætti. **Það eru þó einkum þau atriði sem kennurum finnst að séu ekki í nægilega góðu samræmi við það sem eðlilegt er að gera kröfur um í metnaðarfullu skólastarfi sem þarf að skoða vel. Þessi atriði gætu gefið vísbendingu um hvar skólinn þyrfti að hefja umbótastarf.**

Einkenni Mýrarhúsaskóla og staða í samfélaginu

Á Seltjarnarnesi búa liðlega fimm þúsund manns og hefur þar verið starfræktur skóli (Mýrarhúsaskóli) allt frá árinu 1875. Skólinn er því einn af fimm elstu skólum landsins. Árið 1974 var Valhúsaskóli byggður og fluttu þangað unglíngadeildir grunnskólans, 8. – 10. bekkir (fskj 36). Mýrarhúsaskóli hýsir nú 1. – 6. bekki grunnskóla þar sem 7. bekkur var einnig fluttur yfir í Valhúsaskóla haustið 2000. Í Mýrarhúsaskóla eru nú um 450 nemendur í 23 bekkjardeildum. Húsakynni og aðbúnaður skólans þykir með miklum ágætum, sérstaklega er vel búið að kennslu verk- og listgreina, nema ef vera skyldi heimilisfræða. Heilbrigðiseftirlit hefur ítrekað gert athugasemdir við ástand heimilisfræðistofu og fer því engin kennsla þar fram á þessu skólaári (fskj. 12, Skýrsla Heilbr. eftirlits). Fyrirhuguð er ný viðbygging við skólann árið 2003 sem mun hýsa sérkennslu og fleiri almennar kennslustofur. Sömuleiðis er þá fyrirhugað að koma nýrri heimilisfræðistofu í gagnid sem verður til húsa í austurhluta gömlu byggingar. Mýrarhúsaskóli er stærsti vinnustaður á Seltjarnarnesi því auk nemenda starfa þar yfir 70 starfsmenn. Árið 1992 var ný viðbygging við skólann tekin í notkun og skólinn þá um leið einsettur. Þá var gerð könnun á afstöðu foreldra til ýmissa hluta, þar á meðal hvenær skólabyrjun að morgni skyldi vera og könnuð þörf fyrir heilsdagsskóla. Skólagæsla í Mýrarhúsaskóla eldri tók til starfa sama ár. Öllum nemendum 1. – 3. bekkja skólans er boðið upp á dvöl í Skólaskjólí fyrir skólabyrjun að morgni (kl. 7:45) og eftir að skóladegi lýkur síðdegis, til kl. 17:15. Skólaskjólíð er til húsa í hluta samkomusalar skólans og er bæði hlýlegt og vistlegt. Segja verður þó að á álagstímum er nokkuð þröngt um starfsemina. Mörg barnanna sækja íþrótt- og félagsstörf frá Skólaskjólínu. Hluti nemenda sinnir heimanámi í Skólaskjólí ef foreldrar æskja þess. Fjöldi nemenda er nokkuð breytilegur frá degi til dags, en u.þ.b. 60 nemendur eru að jafnaði í vistun. Foreldrar eru ábyrgir fyrir heimanámi barna sinna. Þeim foreldrum sem eiga börn í 3. – 6. bekkjum gefst engu að síður kostur á kaupa aðstoð við heimanám í skólanum. Nemendur sem það velja, sinna heimanámi undir handleiðslu kennara að afloknum skóladegi dag hvern. Skóladeginum er skipt upp í þrjár vinnulotur með sameignlegum frímínútum að morgni og tvískiptu hádegishléi. Skóladegur eldri nemenda,

(4. – 6. bekkir) hefst kl. 8:20 en yngri (1. – 3. bekkir) hefst kl. 9:00. Skóladegi lýkur samtímis hjá öllum nemendum kl. 14 : 10. Nauðsynlegt hefur reynst að kenna íþróttir í hádegi sökum þrengsla og raskast því óhjákvæmilega matartími viðkomandi nemenda, þá daga.

Frá og með áramótum 2001 – 2002 stendur öllum nemendum til boða að kaupa heitar máltíðir í hádegi. Maturinn kemur aðsendur í sérstökum matarbökkum og er máltíðin snædd í kennslustofu við vinnuborð nemenda. Á meðan á máltíð stendur er kennari til staðar í bekknum.

Foreldrar sem margir hverjir hafa sjálfir verið nemendur skólans hafa alla tíð látið sér annt um skólann og var skólinn einn af fyrstu skólum landsins til þess að formgera foreldrasamstarf með stofnun foreldrafélags árið 1971. Félagasamtök í bænum hafa stutt vel við skólann og veitt nemendum viðurkenningar á hverju vori.

Enda þótt Mýrarhúsaskóli sé gömul og rótgróin stofnun er litið svo á að skólinn sé engu að síður síungur þar sem þar fer fram stöðug endurskoðun starfsins og rík viðleitni er meðal starfsfólks að innleiða nýjungar og stuðla að umbótum á skólastarfinu.

Almenn stefna og markmið

Mýrarhúsaskóli setur sér það markmið að vera **góður skóli**. Með góðum skóla er átt við skóla þar sem nemandinn er í brennidepli og gagnkvæm virðing ríkir milli allra aðila skólasamfélagsins.

Stefna Mýrarhúsaskóla

Stefna skólans er þessi: “Að útskrifa heilsteypa einstaklinga með góða og sterka sjálfsmynd í námslegu og félagslegu tilliti.”

Þungamiðja í stefnumörkun skólans felst því í áherslu á **jákvæða sjálfsmynd nemenda, alhliða þroska og menntun hvers og eins, jákvæðan aga og virka þátttöku alls skólasamfélagsins.**

Litið er svo á að vellíðan nemenda og starfsfólks sé undirstaða velfarnaðar í skólastarfinu (fskj. 35 “Skólinn okkar” bls. 1). Skólinn vill vera í fremstu röð hvað nám og kennslu snertir og búa vel að kennurum með kennslugögnum og möguleikum á að kynna sér nýjungar í námsefni og kennsluáferðum.

Markmið Mýrarhúsaskóla

Meginmarkmið skólans eru:

- ~~///~~ Að stuðla að jákvæðri sjálfsmynd nemenda.
- ~~///~~ Að skapa sem bestar aðstæður til náms og þroska nemenda og hlúa að velferð þeirra.
- ~~///~~ Að framfylgja skýrum reglum um jákvæð samskipti og góða framkomu í skólanum. (fskj. 31, Skólareglur)
- ~~///~~ Að stuðla að virkri þátttöku allra starfsmanna og ábyrgð þeirra á velferð nemenda á byrjendastigi og miðstigi.
- ~~///~~ Að markviss skólaþróun skuli ávalt eiga sér stað á skilgreindu sviði skólastarfsins.

Á vinnufundum kennara hefur farið fram umræða um sameiginlega sýn og stefnumótun. Unnið hefur verið svolítið með sameiginlega sýn kennara á skólann út frá því hvaða þætti þeir telji mikilvægast að nemendur hafi tileinkað sér við lok grunnskóla. Hvað kæmi nemendum best í lífi sínu og starfi, þar með talið áframhaldandi námi. Flestir gáfu þáttunum: Sjálfstraust / jákvæð sjálfsmynd / sjálfsstjórn ; sjálfstæð vinnubrögð ; upplýsingaöflun; kurteisi/mannasiðir/tillitsemi og frammistöðu í námsgreinum, flest stig (fskj. 29). Á vinnufundum kennara hefur farið fram umræða um hvað kröfur þessi sameiginlega sýn og stefnumótun sem gerir til fagfólks um framkomu við nemendur (fskj. 30).

Framkvæmd skólastefnunnar

Eineltisráð

Sett hefur verið fram sameiginleg framkvæmdaáætlun grunnskólanna á Seltjarnarnesi, skólanefndar og foreldra gegn einelti og ofbeldi (fskj. 32). Eineltisráð fundar minnst einu sinni í mánuði og oftast ef þörf krefur. Allar fundargerðir ráðsins eru færðar til bókar. Tvisvar á ári eru lagðar fyrir nemendur kannanir á líðan og þeir beðnir um að tilgreina hvaða börnum sé strítt eða hverjir séu skildir útundan. Umsjónarkennarar vinna úr svörum nemenda og skila til námsráðgjafa. Farið er yfir niðurstöðurnar á fundum eineltisráðs og heldur námsráðgjafi utan um niðurstöður. Á vormisseri vantaði upplýsingar frá tveimur bekkjum og þarf að herða á kröfu um að umsjónarkennarar skili upplýsingum (fskj. 19, sjá fylgiskjal frá námsráðgjafa). Fyrirhugað er að gera tölfræðilegan samanburð á milli ára Bæði eineltisáætlunin og könnunin á líðan hafa verið endurskoðaðar og endurbættar á þessu ári.

Áfallaráð

Áfallaáætlun og viðbrögð við slysum er sett fram í skólanámskrá og kynnt á skipulagsdögum kennara að hausti. (fskj. 14) Áfallaráð fundar mánaðarlega og heldur fundargerðir um starf sitt. Sóknarprestur mætir á fundina ef þurfa þykir.

Veikindi, slys og slysavarnir

Skólahjúkrunarfræðingur kynnir fyrir öllu starfsfólki skólans þá nemendur sem eru alvarlega veikir og til hvaða aðgerða skuli gripið í bráðatilvikum. Myndir af þessum nemendum hanga uppi á kaffistofu (með samþykki foreldra). Reglulega er gengist fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk í fyrstu hjálp og blað með viðbrögðum ef slys ber að höndum er hjá riturum, í Skólaskjólum og í skólanámskrám sem allir kennarar hafa undir höndum. Árlega er eldvarnaræfing og farið yfir viðbragðaáætlun skólans (fskj. 15). Húsvörður fer reglulega yfir leiktæki á skólalóð og skilar skólastjóra skýrslu þar um (fskj. 16) Skólahjúkrunarfræðingur heldur skrá yfir allar komur og gerir grein fyrir tölfræðilegu yfirliti um tegunda- og aldursgreiningu þeirra á kennarafundi á hverju vori (fskj. 17). Sömuleiðis sendir skólahjúkrunarfræðingur árlega skýrslu til Landlæknisembættisins.

Nýbúar

Til er í drögum áætlun um móttöku nýbúa og tvítyngdra nemenda sem ekki hafa íslenskan menningarlegan bakgrunn. Skólinn leggur áherslu á að flýta framkvæmd þessarar áætlunar (fskj. 13).

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð þar sem í sitja auk skólastjóra, umsjónarmaður sérkennslu, sálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur, iðjuþjálfari og námsráðgjafi, fundar vikulega og fer yfir öll þau mál sem vísað er til ráðsins. Skólalæknir situr fundi mánaðarlega og félagsráðgjafi frá Félagsþjónustu Seltjarnarness situr fundi eftir þörfum. Námsráðgjafi færir og varðveitir fundargerðir nemendaverndarráðs. Nemendaverndarráð fjallar um mál einstakra nemenda og nemendahópa og eru umsjónarkennarar og foreldrar kallaðir til fundar ef við á. Árviss verkefni nemendaverndarráðs eru að fara yfir alla nemendur fyrstu bekkja í upphafi skólaárs, á grundvelli Tove Krogh teikniverkefna sem lögð eru fyrir allan árganginn. Sömuleiðis fer nemendaverndarráð yfir samantekt niðurstaðna frá kennurum um líðan nemenda á hvorri önn fyrir sig (fskj. 19, Skýrsla námsráðgjafa).

Stoðkerfi skólans

Sérkennarar: Við skólann starfa fjórir menntaðir sérkennarar og tveir kennarar með leikskólasérkennslumenntun. Sérkennsla er skipulögð með margvíslegum hætti sem stuðningur inni í bekkjum, námskeið í smærri hópum og samkvæmt einstaklingsnámskrá eftir þörfum nemenda (fskj. 20, Skipulag sérkennslu). Nemendur eru teknir inn í sérkennsluna eftir ýmsum leiðum: niðurstöður skimprófana, greining sérfræðinga eða ábendingar kennara/foreldra.

Námsráðgjafi: Námsráðgjafi er í ½ starfi við skólann. Til hans geta bæði kennarar, foreldrar og nemendur leita með mál sín. Skólasálfræðingur sinnir greiningu og ráðgjöf á námserfiðleikum og tilfinningaröskun ásamt ráðgjöf til foreldra og kennara. Einnig tekur sálfræðingur þátt í forvarnarnstarfi í samvinnu við starfsmenn skólans og veitir aðstoð og leiðbeiningar vegna nýbreytni og þróunarstarfa. Sálfræðingur er einnig tengiliður við aðrar stofnanir og sérfræðinga. Sálfræðingur er tvo daga í viku í skólanum. (fskj. 21, yfirlit yfir sálfræðipjónustu)

Námsráðgjafi hittir alla aðflutta nemendur sem hafa bæst við í skólann og heldur utan um nemendaflutninga á milli skólastiga. (fskj. 19, Skýrsla námsráðgjafa).

Iðjuþjálfari: Starf iðjuþjálfara er nýtt við skólann eða frá vori 2001 og er Mýrarhúsaskóli fyrsti grunnskóli landsins til þess að hafa á að skipa þessari starfsstétt. (fskj. 22, Skýrsla iðjuþjálfara)

Þroskaþjálfari: Þá starfa tveir þroskaþjálfarar við skólann og sinna þeir nemendum með miklar sérþarfir auk ráðgjafastarfs. Starf iðjuþjálfara er nýtt eða frá vori 2001 og er Mýrarhúsaskóli fyrsti grunnskóli landsins til þess að hafa á að skipa þessari starfsstétt. Iðjuþjálfari mun skila skýrslu í lok skólaárs (fskj. 22, Skýrsla iðjuþjálfara).

Talkennari starfar einn dag í viku við skólann. Hlutverk hans er að fylgja eftir þeim nemendum sem áður hafa verið greindir á leikskólum og skima nýja nemendur sem koma í skólann.

Mikil áhersla er lögð á samstarf þessara stuðningsaðila um velferð hvers og eins nemenda og hittast þeir reglulega á fundum.

Bráðger börn

Í bréfi frá menntamálaráðuneyti um niðurstöður PISA rannsóknarinnar (fskj. 24) segir: “Fyrsta skoðun niðurstaðna bendir til þess, að í íslenskum skólum sé allstór hópur nemenda, sem hefur ekki nægilega verðug verkefni eða sem fullnýta ekki getu sína í grunnskólum”. Talið er að niðurstöðurnar endurspegli einsleitni í íslenska skólakerfinu. Við viljum taka undir þessa tilgátu og hefur starf Mýrarhúsaskóla nú tekið mið af þeirri staðreynd að svo kölluð bráðger börn hafa ekki hlotið nægilega athygli í starfinu. Viðleitni okkar til að vinna að aukinni fjölbreytni í kennsluháttum markast af eftirfarandi:

Strax í upphafi skólagöngu fá læsir nemendur sérstaka tíma með sérmenntuðum kennara í lestri, þar sem lestrarfærni þeirra er aukin. Í haust var farið af stað með tilraunaverkefni til að koma til móts við bráðger börn í 5. og 6. bekk. Nemendur voru valdir eftir árangri í samræmdum prófum í 4. bekk. Miðað var við 85 - 87 stig úr íslensku og stærðfræði. Nemendum var skipt í litla hópa sem fá eina kennslustund á viku til frekari stærðfræðiiðkunar. Aðalnámskrá í stærðfræði var skoðuð og reynt að miða verkefnið við hana að mestu leyti. Reynt var að hafa verkefnið krefjandi en samt áhugaverð. Nemendur unnu yfirleitt saman í litlum hópum eða einstaklingslega. Þeim var leiðbeint með vinnubrögð og skipulag. Nemendur voru látnir segja frá niðurstöðum sínum og þær ræddar. Í framhaldi að þessu bauðst 4 nemendum að taka þátt í verkefni fyrir bráðger börn á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Heimilis og Skóla.

Niðurstöður forkönnunar

Svo virðist sem kennarar séu ekki allir jafnhandgengnir skólanámskrá Mýrarhúsaskóla. Því þarf að fastsetja tíma á undirbúningsdegi þar sem kennarar í árgöngum lesa saman í skólanámskrá. Sömuleiðis þarf að yfirfara skólanámskrána með tilliti til þess hvort sérstaða skólans komi nægilega skýrt fram og hvort unnt sé að gera betur grein fyrir þessu atriði. Tillögur til úrbóta: Einungis hluti skólanámskrár Mýrarhúsaskóla hefur verið uppfærður með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá. Því verki þarf að halda áfram. Greinilega þarf að vinna að skýrari stefnumótun og setja það á skrá yfir verkefni starfshópa. Í vinnslu er að bæta skráningakerfi stoðkerfisins þar sem haldið er utanum fundi og aðrar þær aðgerðir sem við koma einstökum nemendum.

Nám og kennsla

Kennslutími

Þegar ákvæði grunnskólalaga um kennslutíma tóku gildi, frá og með skólaárinu 2001 – 2002 hafði Seltjarnarnesbær þegar fullnægt ákvæðinu um skólatíma í 9 skólaár eða frá því að skólinn varð einsetinn 1992. Sveitarfélagið gerir raunar enn betur við nemendur þar sem nemendur fjórðu bekkja fá 35 stundir á viku í stað 30 eins og lögin kveða á um. Þessi aukning í fjórða bekk hefur m.a. verið notuð til þess að hefja enskukennslu ári fyrir en aðalnámskrá tilgreinir. Frá og með skólaárinu 2000 hefur lífsleikni verið kennt í öllum bekkjum. Að öðru leyti hefur viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár verið fylgt og ráðstöfunarstundir verið nýttar í íslensku og stærðfræði. Skólaárið 2000 – 2001 var í fyrsta sinn boðið upp á vikulega kennslustund í danskennslu í öllum árgöngum sem hluta af listgreinum og er skólinn fyrsti grunnskóli landsins til þess að bjóða upp á reglulegt nám í dansi. Sýningar fyrir foreldra eru

einu sinni til tvisvar á ári. Sérkennsla er skipulögð sem hluti af skólastarfinu með áherslu á skóla án aðgreiningar (fskj. 20, Skipulag sérkennslu).

Samstarf - samfella

Lögð er áhersla á gott samstarf kennara í árgöngum sem ráða ráðum sínum á árgangafundum. Sömuleiðis eru stigsfundir hálfsmánaðarlega undir stjórn stigsstjóra. Að vori og hausti eru sérstakir skilafundir milli árganga þar sem kennaraskipti eiga sér stað. Sem og skilafundir við Valhúsaskóla og Leikskólana til að tryggja samfellu í námsframvindu hvers einstaklings. Skólastjórnendur funda hálfsmánaðarlega með gangavörðum og starfsfólki Skólaskjól þar sem þessir starfsmenn fá almennar upplýsingar um starfsemina, hvað sé framundan og hvar þurfi að leggja sérstaka alúð við störf.

Áherslur á skólaárinu

Á skólaárinu fengu allir kennarar tvær stundir í aukinn undirbúningstíma fyrir kennslu sem hver og einn getur nýtt eftir eigin þörfum.

Á þessu skólaári eru kennarar skólans starfandi í 11 starfshópum sem einbeita sér að skólapróun á viðkomandi þáttum: Sjálfsmatshópur; Tveir hópar í íslensku (eldra og yngra stig); Enskuhópur; - Að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla; Samstarf Gróttu og Mýrarhúsaskóla; Samskipti og agi; Útivistarþjálfun; Upplýsinga- og tæknimennt og Listahópur. Áfangaskýrslur starfshópanna eru kynntar á fyrsta starfsdegi eftir áramót (fskj. 25). Gengið er frá niðurstöðum hópanna og þær kynntar á starfsdögum að vori. Stigstjórar ásamt deildarstjóra ganga frá endanlegu innleggi í skólanámskrá á starfsdögum í júní/ágúst, ár hvert.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hér verður gerð sérstök grein fyrir einu fagi þar sem 35 kennarar Mýrarhúsaskóla tóku þátt í könnun á netinu á því hvernig þeir sjálfir meta eigin hæfni og tölvukunnáttu. Menntasmiðja K.H.Í. stóð fyrir könnuninni (fskj. 11) og mátti lesa út úr henni m.a. lesa þessa niðurstöður:

1. Tölvufærni kennara skólans er mjög svipuð og meðaltal annarra skóla, þ.e. í samanburði við aðra skóla eru kennarar Mýrarhúsaskóla með svipaða tölvukunnáttu.
2. Kennarar skólans telja sig flestir góða í grunnfærni og ritvinnslu.
3. Af þeim atriðum sem spurt var um í könnuninni og talin er mikilvæg fyrir kennara skólans að kunna, þá er sláandi hve margir kennarar telja sig kunna lítið í margmiðlun, upplýsingaleit, siðfræði tölvunotkunar. Skjalavinnslukunnáttu kennarar þarf einnig að bæta verulega.
4. Það sem kennarar óska helst eftir að læra varðandi tölvur er:
 - ~~☞~~ Að nota netið sem upplýsingaveitu. Finna efni til að nota í kennslu, upplýsingar, myndir o.s.frv.
 - ~~☞~~ Að nota vef í kennslu, t.d. að nýta og búa til vefleiðangra og kennsluvefi
 - ~~☞~~ Í þriðja sæti var að vinna með stafrænar myndavélar

Tillögur til úrbóta: Stefnt er að því að halda framhaldsnámskeið í skólanum fyrir kennara sem fyrst (2. apríl 2002).

Kennsluaðferðir

Niðurstöður forkönnunar (fskj. 10):

Sett var fram fullyrðing um að kennsluaðferðir væru fjölbreyttar og hægt væri að finna lýsingu á þeim í skólanum. Enga beina lýsingu á kennsluaðferðum er að finna í skólanámskrá Mýrarhúsaskóla. Í námskrá einstakra greina er þó yfirleitt vísað til aðferða sem henta muni tilteknu viðfangsefni. Það er fremur sjaldgæft að kennarar séu viðstaddir kennslu hver hjá öðrum og telja þeir sig þar af leiðandi illa í stakk búna til þess að svara þessari spurningu almennt, heldur eingöngu fyrir sjálfan sig.

Tillögur til úrbóta : Lagt er til að þetta atriði verði skoðað nánar meðal kennara. Komið verði á t.d. leshring þar sem bókin “Litróf kennsluáðferða” eftir dr. Ingvar Sigurgeirsson verði tekin til umfjöllunar.

Skiptar skoðanir voru um hvort námstækni væri liður í almennri fræðslu.

(Sp. 12). Vaknað hafa efasemdir um, hvort kennarar hafi haft sameiginlegan skilning á þessari spurningu. Hluti af fagmennsku kennara er að kenna nemendum skipulögð vinnubrögð. Orðið námstækni tengist í huga fólks e.t.v. fremur aðferðum sem eldri nemendur beita t.d. við undirbúning prófa.

Tillögur til úrbóta: Kanna nánar og fá t.d. námsráðgjafa til að fjalla um námstækni á fræðslufundi kennara.

Námsmat

Lýsing: Námsmat er órjúfanlegur hluti alls skólastarfs. Lýsingu á tilhögun námsmats er að finna í skólanámskrá Mýrarhúsaskóla (fskj. 23, Handbók kennara) Í endurskoðuðum hluta skólanámskrár og / eða bekkjarnámskrám sem afhentar eru foreldrum á námsefniskynningum í upphafi skólaárs eru einnig tilvísanir í formlegt námsmat. Allir kennarar skrá einkunnir í Stundvísi.

Niðurstöður forkönnunar: Sett var fram fullyrðing um möguleika nemenda til þess að meta á formlegan hátt sinn eigin árangur í námi. Í upphafi skólagöngu eru nemendur afar háðir mati kennara síns um alla frammistöðu í námi. Hluti af fagmennsku sérhvers kennara ætti að vera að ýta undir gagnrýna hugsun nemenda, þar með talið uppbyggilegt mat á eigin frammistöðu í námi. Að mati sjálfsmatshópsins ætti þessi fullyrðing því að geta átt við um nemendur Mýrarhúsaskóla, þó ungir séu. Með þessu móti er vonast til að nemendur verði ábyrgari fyrir eigin námi og líti á sjálfa sig sem þátttakendur fremur en móttakendur.

Tillögur til úrbóta. Kanna betur meðal kennara hverjir beiti þessari aðferð skipulega þ.e. að láti nemendur sjálfa meta árangur sinn og stöðu.

Sp. 52 fjallar um mat sem nær til kennara og annarra starfsmanna og hvort það sé gert með formlegum hætti. Sjálfsmat skólans/ innra mat er dæmi um slíkt mat. Þessi liður mun verða sjálfsagðari þáttur þegar sjálfsmatsáætlun skólans verður orðin virk (fskj. 10). Kennara þurfa að taka sig á með að nýta möguleika Stundvísiforritsins og skrá inn jafnóðum þær upplýsingar sem þeir afla með símati.

Nemendur

Nemendur skólans þetta skólaár eru um 450 í 23 bekkjardeildum og 6 árgöngum.

Niðurstöður forkönnunar: Fullyrðing 27. fjallaði um námsráðgjöf og leiðbeiningar við val framhaldsskóla að loknum grunnskólanámi. Þessi spurning á fyrst og fremst við um elstu bekki grunnskólans og því ekki undarlegt hve margir taka ekki afstöðu. Sama á við um sp. 29 félagslíf. Nemendur eru ungir og ekki farnir að gera kröfur um um félagslíf á sama hátt og eldri grunnskólanemar. Félagsstörf hafa þar að auki verið undir Félagsmiðstöð síðasta skólaár og kennarar minna sinnt þeim. Þar af leiðandi telja þeir sig sennilega vita minna um hvernig þeim er háttað og hvernig beri að meta gæði þeirra.

Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Á þessu skólaári starfa 50 kennarar við Mýrarhúsaskóla, auk 20 annarra starfsmanna. Sex nýir kennarar komu til starfa s.l. haust.

Niðurstöður forkönnunar: Svo virðist sem meirihluti svarenda sé þeirrar skoðunar að þættir sem lúta að starfsfólki og starfsmannastjórnun séu í góðu lagi. Einungis fullyrðingar um innra eftirlit með kennslu og námi nemenda sé gott (sp. 46) og um áfrýjunarrétt nemenda (sp. 50)

orkuðu tvímælis. Líklega leggja ekki allir sömu merkingu í hugtakið “innra eftirlit”, í hverra höndum það ætti að vera o.s.frv. Varðandi áfrýjunarrétt nemenda má segja að þetta atriði á líklega fyrst og fremst við um eldri nemendur en þá sem eru í Mýrarhúsaskóla.

Aðbúnaður

Lýsing. Skólar fá rekstrarfé í samræmi við skilgreiningar fjárhags- og launanevndar sveitarfélagsins um rekstrarfjármagn til skóla. Skólinn gerir sínar áætlanir út frá fyrirframgefnum ramma frá nefndinni. Engin heildstæð áætlun liggur fyrir um húsnæðisþörf. Aðstöðu vantar í skólanum fyrir heilsdagsskóla og mötuneyti og heimilisfræðistofa þarfnast endurnýjunar. Almennt má þó segja að aðbúnaður hvað húsnæði snertir sé í nokkuð góðu lagi. Rekstrarliðir voru verulega skornir niður við afgreiðslu síðustu fjárhagsáætlunar og þar á meðal 2. mill v/flutnings 7. bekkjar (70 nem.) yfir í Valhúsaskóla. Á árunum áður hafði nemendum fjölgað um 100 án þess að tekið væri mið af þeirri fjölgun við fyrri fjárhagsáætlanir.

Niðurstöður forkönnunar

Þau atrið sem kennarar töldu ekki í nægilega góðu lagi snertu einmitt hvort fjárveitingar til skólahaldsins væru í eðlilegu samræmi við umfang starfsins.

Stjórnun

Þetta skólaár var skólanum skipt upp í tvö stig: yngra stig, 1. – 3. bekkur og eldra stig, 4. – 6. bekkur (fskj. 33, Tillögur skólastjóra að bættri stjórnun). Stigsstjórar leiða hálfsmánaðarlega stigsfundi með kennurum á sínu stigi þar sem farið er yfir áhersluþætti þróunarstarfs á stiginu og sameiginleg málefni. Kennarafundir með öllum kennurum skólans eru að jafnaði hálfsmánaðarlega. Á þessu skólaári er staða deildarstjóra nýtt í fyrsta sinn. Gerður hefur verið listi yfir verkaskiptingu skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra (fskj. 34). Í tengslum við innleiðslu á heitum máltíðum var skólanum lofaður ½ starfsmaður sem aldrei kom og hefur stór hluti af vinnutíma deildarstjóra farið í vinnu við matarsölu.

Ytri tengsl

Mýrarhúsaskóli hefur margvísleg ytri tengsl, þó hinn almenni kennari verði ekki mikið var við þau í sínu daglega starfi. Þau ytri tengsl sem starfsfólk Mýrarhúsaskóla hefur lagt mesta alúð við að hlúa að eru tengslin við foreldra. Áhersla er lögð á gott og gagnvirkt samstarf foreldra í skólastarfinu. Strax í upphafi skólagöngu nemenda er öllum foreldrum boðið upp á tveggja kvöld skólafærinámsskeið þar sem foreldrum er kynntur skólinn, starfsfólk hans og megináherslur. Á námskeiðunum fá kennarar og foreldrar tækifæri til að kynnast sem og foreldrar innbyrðis. Foreldrar fá fræðslu um afmarkaða þætti skólastarfsins s.s. samskipti og einelti, lestrarkennslu, skólareglur, óformlegt og formlegt foreldrasamstarf. Í lok námskeiðs meta foreldrar gagnsemi námskeiðsins og setja fram ábendingar um hvað betur mætti fara á næstu námskeiðum (fskj. 19, Skýrsla námsráðgjafa).

Allir kennarar skólans eru með vikulega viðtalstíma fyrir foreldra. Hver kennari fyrir sig heldur skráningu yfir nýtingu viðtalstímanna og hefur ekki verið gengið eftir að þeir gerðu öðrum skil á þeirri nýtingu (kennarar eru stundum fengnir í forföll í viðtalstímum!). Tveir af viðbótarkennsludögum sem bættust við í tengslum við síðustu kjarasamninga hafa verið nýttir sem foreldradagar þar sem foreldrar mæta, ásamt börnum sínum til viðtals við umsjónarkennara. Allir aðrir kennarar eru á staðnum til viðtals en það þarf að leggja aukna áherslu á að þeir boði til sín foreldra. Mæting á foreldradögum hefur verið sérlega góð eða um

98% foreldra. Skólinn sendir frá sér u.þ.b. mánaðarlega fréttabréf sem fer inn á öll heimili. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum við skólann og fundar mánaðarlega þar sem farið er yfir áætlanir skólans. Sömuleiðis starfar öflugt foreldrafélag sem beitir sér fyrir ýmsum upptökum til að lífga upp á skólastarfið. Í öllum bekkjum velja foreldrar tvo bekkjarfulltrúa að hausti til starfa í stjórn foreldrafélags. Skólastjórnendur funda mánaðarlega með formönnum foreldraráðs og foreldrafélags

Vaxandi rækt hefur verið lögð við tengslin við leikskólana á Seltjarnarnesi en þaðan koma yfir 90% nemenda inn í fyrstu bekki skólans. Elstu nemendur leikskólans koma í fjórar heimsóknir í Mýrarhúsaskóla skólaárið áður en þeir hefja nám í fyrsta bekk. Starfandi er starfshópurinn “Brúum bilið” sem í eiga sæti fulltrúar kennara á yngsta stigi og leikskólakennarar frá báðum leikskólum. (fskj. 25, Áfangaskýrsla starfshóps). Meginverkefni hópsins er að samræma skólanámskrár og auka samfellu í námi barnanna á milli skólastiganna. Sömuleiðis eru aukin tengsl við Valhúsaskóla vegna yfirfærslu nemenda, en þangað fara einnig yfir 90% nemenda frá okkur. Að vori er farið yfir alla nemendur með skólastjóra, námsráðgjafa og fagstjóra í sérkennslu í Valhúsaskóla og skólasálfræðingi sem er hinn sami í báðum skólum.

Mýrarhúsaskóli er miðstöð fyrir vettvangsnám kennaranema við K.H.Í. Skólinn hefur einnig tekið á móti nemum í hjúkrunarfræðum og iðjuþjálfun.

Nemendur í Mýrarhúsaskóla hafa í tvígang safnað skóladóti, fatnaði, reiðhjólum og öðru fyrir Namazziskólinn í Malawi. Reynt verður að þróa tengslin við skólann og nýta þau í lífsleiknikennslu nemenda.

Sérstök áherslusvið skólans

Mýrarhúsaskóli hefur enn sem komið er ekki markað sér stefnu með ákveðna námsgrein sem sérstakt áherslusvið eins og nokkrir skólar hafa gert með því t.d. að gerast “móðurskólar” á tilteknu sviði. Stjórnendur og starfsfólk skólans, með nemendaverndarráð í broddi fylkingar, hefur hins vegar lagt sig í líma við leita leiða hvernig best verði komið til móts við þarfir sérhvers nemenda. Það er megininntak markmiðsgreinar grunnskólalaga og á þann mikilvæga þátt höfum við viljað leggja áherslu. Sá árangur sem við teljum að hafi náðst á þessu sviði viljum við meina að sé svo góður að við getum með nokkru stolti kalla það sérstöðu skólans. Þar sem skólinn er staðsettur á Seltjarnarnesi og hefur aðgang að þeirri góðu aðstöðu sem bæjarfélagið er að byggja upp á Gróttusvæðinu vakna væntingar um að við getum jafnframt þróað aðra sérstöðu sem væri á sviði náttúrufræða og umhverfismennta. Leikskólinn Mánabrekka hefur mótað sína áherslu á umhverfismennt sem algjörlega til fyrirmyndar og væri æskilegt að Mýrarhúsaskóli gæti sinnt því sviði áfram.

Fylgiskjöl:

1. Áætlun um sjálfsmat
 2. Viðhorf kennara við Mýrarhúsaskóla í desember 2001 til ýmissa þátta skólastarfsins
-

Áætlun um sjálfsmat - 2001 – 2006

2001 – 2002 Allir þættir skólastarfs verði metnir og áherslusvið næstu ára valin. Sérstaklega hugað að: Nemandinn – samskiptum og líðan.

2002 – 2003 Allir þættir skólastarfs verði metnir með sérstaka áherslu á: Stefnumótun, kennsluhætti og námsárangur (Nám og kennsla – Námsmat).

2003 – 2004 Allir þættir skólastarfs verði metnir. Sérstök áherslusvið: Aðbúnaður – Starfsfólk og stafsmanastjórnun.

2004 – 2005 allir þættir skólastarfs verði metnir. Sérstök áherslusvið: Stjórnun – Ytri tengsl.

2005 – 2006 allir þættir skólastarfs verði metnir. Sérstök áherslusvið: Stefnumótun – endurskoðun. Sérstaða skólans.

Viðhorf kennara við Mýrarhúsaskóla í desember 2001 til ýmissa þátta skólastarfsins

Spurningar= 54 – Fullyrðingar = 52 - Fjöldi svarenda = 28

Liður í sjálfsmatsáætlun: Að hvaða þáttum skólastarfs er brýnast að ítarlegra sjálfsmat í Mýrarhúsaskóla beinist og umbótaáætlun gerð ef nauðsynlegt þykir?

Flokkar	Viðhorf svarenda til fullyrðinga sem settar eru fram	Fjöldi
I	Mikill meirihluti svarenda telur að þessir þættir skólastarfsins séu í góðu lagi- eru sammála eða frekar sammála fullyrðingunum. Fáir (< 25%) eru hlutlausir - og fáir eða engir á öndverðri skoðun	Alls 20
II	Meirihluti svarenda er sammála eða frekar sammála fullyrðingunum og telja að þessir þættir séu í góðu lagi. Nokkuð margir (> 25%) taka þó ekki afstöðu /eru hlutlausir.	Alls 17
III	Mjög skiptar skoðanir eru um þessa þætti skólastarfsins. Margir eru hlutlausir (sjá nánar bls 14)	Alls 9
IV	Fleiri telja að þessir þættir séu <i>ekki</i> í nægilega góðu lagi en hinir sem telja að svo sé. Skiptar skoðanir og yfirleitt eru margir sem taka ekki afstöðu. (sjá nánar bls. 17)	Alls 6
V	Fleiri eru frekar ósammála eða ósammála fullyrðingunum en hinir sem eru þeim sammála. Fáir (< 25%) eru hlutlausir.	0

Af 52 fullyrðingum reyndust fleiri kennarar vera sammála eða frekar sammála 37. Ber þetta vitni um að mat kennara sé á þann

veg að þeir þættir skólastarfs sem þar voru lagðir undir mat væru í góðu- eða nokkuð góðu lagi.

Ítarlegra sjálfsmat þyrfti að beinast að þeim 15 atriðum (flokkar III og IV) sem kennararnir sem þátt tóku í könnuninni áttu erfitt með að taka afstöðu til, þar sem fleiri eru ósammála fullyrðingunum en sammála og þar sem skoðanir eru greinilega mjög skiptar.

Spurningar /fullyrðingar flokkaðar eftir því hvaða afstöðu kennarar tóku

<p>I Mikill meirihluti svarenda telur að eftirfarandi þættir séu í góðu lagi</p> <p>– eru sammála eða frekar sammála fullyrðingunum.</p> <p>Fáir (< 25%) eru hlutlausir - og fáir eða engir á öndverðri skoðun</p>	<p>Sjálfsma flokkar</p> <p>Hugsanleg viðbrögð</p>																												
<p>6. Skipulag og ábyrgð á kennslu er vel skilgreint og upplýsingar aðgengilegar öllum sem kenna. X₇ : Sp 6 Skipulag og áb</p> <table border="1" data-bbox="352 842 1179 1122"> <thead> <tr> <th>Bar:</th> <th>Element:</th> <th>Count:</th> <th>Percent:</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1</td> <td>Sammála</td> <td>4</td> <td>14,286%</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>Frekar sammála</td> <td>22</td> <td>78,571%</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>Hlutlaus</td> <td>2</td> <td>7,143%</td> </tr> <tr> <td>4</td> <td>Frekar ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>Ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>6</td> <td>Svarar ekki</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> </tbody> </table> <p style="text-align: right;">- Mode</p>	Bar:	Element:	Count:	Percent:	1	Sammála	4	14,286%	2	Frekar sammála	22	78,571%	3	Hlutlaus	2	7,143%	4	Frekar ósammála	0	0%	5	Ósammála	0	0%	6	Svarar ekki	0	0%	<p>Nám og kennsla</p>
Bar:	Element:	Count:	Percent:																										
1	Sammála	4	14,286%																										
2	Frekar sammála	22	78,571%																										
3	Hlutlaus	2	7,143%																										
4	Frekar ósammála	0	0%																										
5	Ósammála	0	0%																										
6	Svarar ekki	0	0%																										
<p>11. Nemendur með sérþarfir fá góða þjónustu og kennslu við sitt hæfi X₁₂ : Sp 11 Nem m sér½</p> <table border="1" data-bbox="389 1323 1217 1603"> <thead> <tr> <th>Bar:</th> <th>Element:</th> <th>Count:</th> <th>Percent:</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1</td> <td>Sammála</td> <td>6</td> <td>21,429%</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>Frekar sammála</td> <td>16</td> <td>57,143%</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>Hlutlaus</td> <td>5</td> <td>17,857%</td> </tr> <tr> <td>4</td> <td>Frekar ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>Ósammála</td> <td>1</td> <td>3,571%</td> </tr> <tr> <td>6</td> <td>Svarar ekki</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> </tbody> </table> <p style="text-align: right;">- Mode</p>	Bar:	Element:	Count:	Percent:	1	Sammála	6	21,429%	2	Frekar sammála	16	57,143%	3	Hlutlaus	5	17,857%	4	Frekar ósammála	0	0%	5	Ósammála	1	3,571%	6	Svarar ekki	0	0%	<p>Nám og kennsla</p>
Bar:	Element:	Count:	Percent:																										
1	Sammála	6	21,429%																										
2	Frekar sammála	16	57,143%																										
3	Hlutlaus	5	17,857%																										
4	Frekar ósammála	0	0%																										
5	Ósammála	1	3,571%																										
6	Svarar ekki	0	0%																										
<p>14. Um heimanám er góð samvinna milli heimila og skóla.</p>	<p>Nám og kennsla</p>																												

X ₁₅ : Sp 14 Samv um heimanám			
Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	Sammála	9	32,143%
2	Frekar sammála	15	53,571%
3	Hlutlaus	3	10,714%
4	Frekar ósammála	0	0%
5	Ósammála	0	0%
6	Svarar ekki	1	3,571%

- Mode

15. Almenn sátt er milli skóla og heimila um nám, kennslu og námskröfur. X ₁₆ : Sp 15 Sátt milli heim og sk			
Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	Sammála	3	10,714%
2	Frekar sammála	19	67,857%
3	Hlutlaus	3	10,714%
4	Frekar ósammála	1	3,571%
5	Ósammála	1	3,571%
6	Svarar ekki	1	3,571%

- Mode

Nám og kennsla

18. Í skólanum er vel skilgreint hver beri ábyrgð á gerð prófa og úrvinnslu þeirra. X ₁₉ : Sp 18 ábyrgð á gerð þr			
Bar:	Element:	Count:	Percent:
1	Sammála	7	25%
2	Frekar sammála	12	42,857%
3	Hlutlaus	4	14,286%
4	Frekar ósammála	4	14,286%
5	Ósammála	1	3,571%
6	Svarar ekki	0	0%

- Mode

Námsmat

20. Námsmatið í skólanum tekur mið af markmiðum sem sett eru einstaklingslega eða fyrir nemendahópa/bekki.

Námsmat

X₂₁ : sp 20 námsmat - markmið

Bar:	Element:	Count:	Percent:	
1	Sammála	2	7,143%	
2	Frekar sammála	19	67,857%	- Mode
3	Hlutlaus	6	21,429%	
4	Frekar ósammála	0	0%	
5	Ósammála	0	0%	
6	Svarar ekki	1	3,571%	

<p>22. Skólinn hefur ekki átt erfitt með að túlka niðurstöður skólaprófa, samræmdra prófa og þann mismun sem er á þessum tveimur tegundum prófa. X₂₃ : sp 22 túlkun niðurstöfna</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Bar:</th> <th>Element:</th> <th>Count:</th> <th>Percent:</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1</td> <td>Sammála</td> <td>8</td> <td>28,571%</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>Frekar sammála</td> <td>14</td> <td>50%</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>Hlutlaus</td> <td>6</td> <td>21,429%</td> </tr> <tr> <td>4</td> <td>Frekar ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>Ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>6</td> <td>Svarar ekki</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> </tbody> </table> <p style="text-align: right;">- Mode</p>	Bar:	Element:	Count:	Percent:	1	Sammála	8	28,571%	2	Frekar sammála	14	50%	3	Hlutlaus	6	21,429%	4	Frekar ósammála	0	0%	5	Ósammála	0	0%	6	Svarar ekki	0	0%	Námsmat
Bar:	Element:	Count:	Percent:																										
1	Sammála	8	28,571%																										
2	Frekar sammála	14	50%																										
3	Hlutlaus	6	21,429%																										
4	Frekar ósammála	0	0%																										
5	Ósammála	0	0%																										
6	Svarar ekki	0	0%																										
<p>23. Skólinn veitir greiðlega upplýsingar til nemenda, foreldra og skólanefndar eftir eðli upplýsinganna X₂₄ : sp 23 uppl til nem, fore</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Bar:</th> <th>Element:</th> <th>Count:</th> <th>Percent:</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1</td> <td>Sammála</td> <td>18</td> <td>64,286%</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>Frekar sammála</td> <td>8</td> <td>28,571%</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>Hlutlaus</td> <td>2</td> <td>7,143%</td> </tr> <tr> <td>4</td> <td>Frekar ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>Ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>6</td> <td>Svarar ekki</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> </tbody> </table> <p style="text-align: right;">- Mode</p>	Bar:	Element:	Count:	Percent:	1	Sammála	18	64,286%	2	Frekar sammála	8	28,571%	3	Hlutlaus	2	7,143%	4	Frekar ósammála	0	0%	5	Ósammála	0	0%	6	Svarar ekki	0	0%	Námsmat
Bar:	Element:	Count:	Percent:																										
1	Sammála	18	64,286%																										
2	Frekar sammála	8	28,571%																										
3	Hlutlaus	2	7,143%																										
4	Frekar ósammála	0	0%																										
5	Ósammála	0	0%																										
6	Svarar ekki	0	0%																										
<p>24. Í skólanum er á hverjum tíma aðgengilegur listi yfir alla nemendur skólans þar sem fram koma helstu upplýsingar, svo sem kennitala, heimilisfang, símanúmer o.fl. X₂₅ : sp 24 aðgengil nemendalísti</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Bar:</th> <th>Element:</th> <th>Count:</th> <th>Percent:</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1</td> <td>Sammála</td> <td>27</td> <td>96,429%</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>Frekar sammála</td> <td>1</td> <td>3,571%</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>Hlutlaus</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>4</td> <td>Frekar ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>Ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>6</td> <td>Svarar ekki</td> <td>0</td> <td>0%</td> </tr> </tbody> </table> <p style="text-align: right;">- Mode</p>	Bar:	Element:	Count:	Percent:	1	Sammála	27	96,429%	2	Frekar sammála	1	3,571%	3	Hlutlaus	0	0%	4	Frekar ósammála	0	0%	5	Ósammála	0	0%	6	Svarar ekki	0	0%	Nemendur
Bar:	Element:	Count:	Percent:																										
1	Sammála	27	96,429%																										
2	Frekar sammála	1	3,571%																										
3	Hlutlaus	0	0%																										
4	Frekar ósammála	0	0%																										
5	Ósammála	0	0%																										
6	Svarar ekki	0	0%																										

<p>25. Skrá yfir stundvísi og fjarvistir nemenda er unnin reglulega og viðeigandi ráðstafanir gerðar þegar ástæða þykir</p> <p style="text-align: center;">X₂₆ : Sp 25 stundvísi</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Bar:</th> <th>Element:</th> <th>Count:</th> <th>Percent:</th> <th></th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1</td> <td>Sammála</td> <td>19</td> <td>67,857%</td> <td>- Mode</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>Frekar sammála</td> <td>5</td> <td>17,857%</td> <td></td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>Hlutlaus</td> <td>3</td> <td>10,714%</td> <td></td> </tr> <tr> <td>4</td> <td>Frekar ósammála</td> <td>1</td> <td>3,571%</td> <td></td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>Ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> <td></td> </tr> <tr> <td>6</td> <td>Svarar ekki</td> <td>0</td> <td>0%</td> <td></td> </tr> </tbody> </table>	Bar:	Element:	Count:	Percent:		1	Sammála	19	67,857%	- Mode	2	Frekar sammála	5	17,857%		3	Hlutlaus	3	10,714%		4	Frekar ósammála	1	3,571%		5	Ósammála	0	0%		6	Svarar ekki	0	0%		Nemendur
Bar:	Element:	Count:	Percent:																																	
1	Sammála	19	67,857%	- Mode																																
2	Frekar sammála	5	17,857%																																	
3	Hlutlaus	3	10,714%																																	
4	Frekar ósammála	1	3,571%																																	
5	Ósammála	0	0%																																	
6	Svarar ekki	0	0%																																	
<p>28. Samskipti nemenda og starfsmanna skólans eru góð</p> <p style="text-align: center;">X₂₉ : sp 28 samskipti nem starfsm</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Bar:</th> <th>Element:</th> <th>Count:</th> <th>Percent:</th> <th></th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>1</td> <td>Sammála</td> <td>5</td> <td>17,857%</td> <td></td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>Frekar sammála</td> <td>20</td> <td>71,429%</td> <td>- Mode</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>Hlutlaus</td> <td>1</td> <td>3,571%</td> <td></td> </tr> <tr> <td>4</td> <td>Frekar ósammála</td> <td>2</td> <td>7,143%</td> <td></td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>Ósammála</td> <td>0</td> <td>0%</td> <td></td> </tr> <tr> <td>6</td> <td>Svarar ekki</td> <td>0</td> <td>0%</td> <td></td> </tr> </tbody> </table>	Bar:	Element:	Count:	Percent:		1	Sammála	5	17,857%		2	Frekar sammála	20	71,429%	- Mode	3	Hlutlaus	1	3,571%		4	Frekar ósammála	2	7,143%		5	Ósammála	0	0%		6	Svarar ekki	0	0%		Nemendur
Bar:	Element:	Count:	Percent:																																	
1	Sammála	5	17,857%																																	
2	Frekar sammála	20	71,429%	- Mode																																
3	Hlutlaus	1	3,571%																																	
4	Frekar ósammála	2	7,143%																																	
5	Ósammála	0	0%																																	
6	Svarar ekki	0	0%																																	
